

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1576/89****frá 29. maí 1989****um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eins og stendur eru engin sérstök ákvæði í gildi í bandalaginu um brennda drykki; þetta á einkum við um skilgreiningar á þessum vörum og kröfur um lýsingu þeirra og kynningu. Nauðsynlegt er að setja sameiginleg ákvæði um þetta efni vegna efnahagslegs mikilvægis þessara vara og til að auðvelda starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Með framleiðslu brenndra drykkja fæst mikilsverður markaður fyrir landbúnað í bandalaginu. Markaðurinn er ekki síst tilkominn vegna hins góða orðstírs sem hefur farið af þessum vörum í bandalaginu og á heimsmarkaði. Orðstír þennan má einkum þakka gæðum hefðbundinna vara. Af þeim sökum er nauðsynlegt að viðhalda gæðum þeirra til þess að markaðurinn haldist. Eðlilegast er að viðhalda þessum gæðastaðli með því að skilgreina vöruna með hliðsjón af þeim hefðum sem orðstír hennar byggist á. Slíkar skilgreiningar ætti enn fremur einungis að nota um vörur af sama gæðaflokki og hin hefðbundna vara til þess að rýra ekki gildi þeirra.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. C 189, 23. 7. 1982, bls. 7 og Stjútíð. EB nr. C 269, 25. 10. 1986, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Álit er birtist í Stjútíð. EB nr. C 127, 14. 5. 1984, bls. 175 og ákvörðun frá 24. maí 1989 (hefur enn ekki verið birt *Stjórnartíðindum EB*).

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. C 124, 9. 5. 1983, bls. 16.

Reglur bandalagsins ættu að kveða á um að einungis megi nota landfræðilegar sérmerkingar sem vísa til ákveðinna svæða, og landa í einstaka tilvikum, hafi fullunna varan fengið einkenni sín og sérstaka eiginleika á umræddu landsvæði. Með því að veita hlutaðeigandi framleiðendum einkarétt með þessum hætti munu reglur bandalagsins tryggja að umræddar merkingar vísi áfram til tiltekens svæðis og varna því að þær verði almenningseign og samheiti. Umræddar merkingar þjóna einnig þeim tilgangi að upplýsa neytandann um uppruna vörunnar sem ræðst af því hvaða hráefni er notað eða sérstakri framleiðsluáferð.

Yfirleitt fær neytandinn upplýsingar á merkimiðanum. Fjallað er um merkingar á brenndum drykkjum í almennum reglum í tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/197/EBE <sup>(5)</sup>. Til frekari upplýsinga fyrir neytendur ætti að samþykkja sérstök ákvæði til viðbótar þessum almennu reglum, vegna eðlis þeirrar vöru sem um ræðir, einkum ætti að taka upp hugtök varðandi skilgreiningu á vörunni er lúta að þroskun og lágmarksstyrkleika alkóhóls til beinnar neyslu.

Jafnvel þótt í tilskipun 79/112/EBE sé kveðið á um að setja skuli tilteknar upplýsingar á merkimiða er hún heldur óljós hvað varðar framleiðslustað. Það hugtak er einkum mikilvægt vegna þess að neytandinn tengir drykkinn oft við framleiðslustaðinn. Ef slíkar upplýsingar vantar gæti neytandinn

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. L 144, 29. 5. 1986, bls. 38.

fengið rangar hugmyndir um upprunann. Þetta ber að forðast með því gera það að skilyrði, í ákveðnum tilvikum, að láta framleiðslustað koma fram á merkimiðanum.

Einnig væri hægt að setja fleiri skilyrði í ákveðnum tilvikum. Til dæmis er hægt að krefjast þess að etanól sem er notað sé úr landbúnaði eins og venja er í bandalaginu til þess að tryggja markað fyrir grunnaforðir landbúnaðarins.

Í tilskipunum ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns <sup>(1)</sup> og tilskipun ráðsins 80/777/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, er mælt fyrir um eiginleika vatns sem er notað í matvælum. Rétt er að vísa til þeirra.

Í tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra <sup>(3)</sup> koma fram ýmsar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í tengslum við bragðefni. Nota ber sömu fagorð í þessari reglugerð.

Samþykking ber sérstök ákvæði varðandi lýsingu og kynningu á innfluttum brenndum drykkjum með hliðsjón af skuldbindingum bandalagsins í þessum efnum við þriðju lönd.

Þessar sömu reglur ættu einnig að gilda um útfluttar vörur til þess að vernda orðstír vara bandalagsins á heimsmarkaði með hefðir og venjur í huga, þó ekki ef fyrir hendi eru andstæð ákvæði.

Æskilegra er að tryggja samræmda og samstíga framkvæmd umræddra ráðstafana með reglugerð.

Til þess að einfalda og flýta fyrir framkvæmdinni ætti að fela framkvæmdastjórninni að gera þær ráðstafanir sem eru tæknilegs eðlis. Auk þess ætti í þessu skyni að kveða á um tilhögun sem gerir aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni kleift að hafa náð samstarf í framkvæmdanefnd.

Bráðabirgðaráðstafanir eru nauðsynlegar til að auðvelda breytingu yfir í það kerfi sem sett er fram í þessari reglugerð.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 184, 15. 7. 1988, bls. 61.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

1. Í þessari reglugerð eru almennar reglur um skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum.

2. Að því er þessa reglugerð varðar er brenndur drykkur áfengur vökvi:

— sem ætlaður er til neyslu,

— sem hefur ákveðin skynmatseinkenni og, nema í þeim tilvikum þar sem varan fellur undir 1. tölul. III. viðauka, alkóhólstyrkleika að lágmarki 15% miðað við rúmmál, og

— sem er framleiddur

— annaðhvort beinlínis með eimingu, einnig með bragðefnum, úr náttúrlegum, gerjuðum afurðum, og/eða með upplausn („maceration“) efna úr jurta- ríkinu og/eða með því að bæta við bragðefnum, sykri eða öðrum sætuefnum, sem talin eru upp í a-lið 3. mgr., og/eða öðrum landbúnaðarafurðum út í etanól úr landbúnaði og/eða vínanda eins og skilgreint er í þessari reglugerð

— eða með blöndun brenndra drykkja með:

— einni eða fleiri tegundum brenndra drykkja,

— etanóli úr landbúnaði, eimi úr landbúnaði eða vínanda,

— einni eða fleiri tegundum drykkja sem innihalda vínanda,

— einni eða fleiri tegundum drykkja.

Þó teljast drykkir sem falla undir númer 2203 00, 2204, 2205, 2206 00 og 2207 í sameiginlegu tollnafnaskránni ekki til brenndra drykkja.

3. Almennar skilgreiningar

Að því er þessa reglugerð varðar er merking eftirtalinna hugtaka sem hér segir:

a) sætuefnum bætt í:

notuð er ein eða fleiri af eftirtöldum afurðum við framleiðslu brenndra drykkja:

hálfunninn sykur, hvítisykur, hreinsaður hvítisykur, dextrósi, frúktósi, glúkósasíróp, fljótandi sykur, fljótandi invertsýkur, invertsíróp, hreinsað þrúgusafaþykkni, þrúgusafaþykkni, nýtt þrúgusafaþykkni, brenndur sykur, hunang, sætur sírópsskálpur, eða aðrar náttúrlegar sykrur sem hafa svipuð áhrif og áður nefndar afurðir.

Með „brenndum sykri“ er átt við afurð sem er eingöngu fengin með stýrðri hitun súkrósa án basa, ólífrænna sýra eða annarra efnafræðilegra aukefna;

- b) hristingur:  
tveir eða fleiri drykkir mismunandi tegundar eru settir saman til að fá nýjan drykk;
- c) vínanda bætt við:  
etanóli úr landbúnaði er bætt við brenndan drykk;
- d) blöndun:  
blandað er saman tveimur eða fleiri brenndum drykkjum sem tilheyra sama flokki og eru einungis mismunandi samsettur á grundvelli eftirtalinnna atriða:
- framleiðsluaðferðar,
  - eimingartækja,
  - aldurs vörunnar,
  - legu framleiðslusvæðis.
- Brenndi drykkurinn sem þannig fæst heyrir undir sama flokk og upphaflegu brenndu drykkirnir gerðu fyrir blöndun;
- e) þroskun eða geymsla:  
ákveðin efnahvörf þróast eðlilega í viðeigandi flátum, þannig fær brenndi drykkurinn skynmatseinkenni sem hann hafði ekki áður;
- f) bragðefnum bætt í:  
við framleiðslu brennda drykkjarins er notað eitt eða fleiri bragðefni sem eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE;
- g) litarefnum bætt í:  
eitt eða fleiri litarefni eru notuð við framleiðslu brennda drykkjarins;
- h) etanól úr landbúnaði:  
etanól sem hefur þá eiginleika sem eru taldir upp í I. viðauka við þessa reglugerð og fengist hefur við eimingu landbúnaðarafurða sem eru taldar upp í II. viðauka við sáttmálann, að lokinni vínandagerjun, að undanskildum brenndum drykkjum sem eru skilgreindir í 2. mgr. Ef vísað er til hráfnisins sem er notað verður vínandinn að hafa fengist eingöngu úr því hráefni;
- i) eimi úr landbúnaði:  
áfengur vökvi sem hefur fengist við eimingu landbúnaðarafurða sem eru taldar upp í II. viðauka við sáttmálann, að lokinni vínandagerjun, og hefur ekki þá eiginleika etanóls sem lýst er í h-lið, eða brennds drykkjar, en heldur samt lykt og bragði hráfnisins sem er notað. Ef vísað er til hráfnisins sem er notað verður eimið að hafa fengist eingöngu úr því hráefni;
- j) alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:  
hlutfall hreins vínanda í þeirri vöru sem um ræðir við 20°C miðað við heildarmagn vörunnar við sama hitastig;
- k) magn rokgjarnra efna:  
magn rokgjarnra efna annarra en etanóls og metanóls í brenndum drykk sem fengist hefur einungis með eimingu og er einungis afleiðing eimingar eða endureimingar á hráefninu sem er notað;
- l) framleiðslustaður:  
staður eða svæði þar sem sá hluti framleiðslu vörunnar fór fram er veitti brennda drykknum sína sérstöku eiginleika og sérstæðu gæði;
- m) flokkur brenndra drykkja:  
allir brenndir drykkir sem heyra undir sömu skilgreiningu.
4. Skilgreiningar á einstökum flokkum brenndra drykkja
- Að því er þessa reglugerð varðar er merking eftirtalinnna hugtaka sem hér segir:
- a) Romm:
- 1) Brenndur drykkur sem fæst einungis með vínandagerjun og eimingu, annaðhvort úr melassa eða sírópi sem er framleitt úr sykurreyr eða safu sykurreyrs og eimað að hámarki að 96% miðað við rúmmál þannig að eimið fái hin sérstöku skynmatseinkenni romms.
  - 2) Brenndur drykkur sem fæst einungis með vínandagerjun og eimingu á safu sykurreyrs og hefur þau lyktar- og bragðeinkenni sem eru sérkennandi fyrir romm og magn rokgjarnra efna er 225 g eða meira á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál. Heimilt er að markaðssetja þennan brennda drykk með orðinu „landbúnaðar-“ til nánari skýringar við orðið „romm“ auk landfræðilegra sérmerkinga franskra svæða handan hafsins samkvæmt II. viðauka.
- b) *Whisky* eða *Whiskey*:  
Brenndur drykkur sem fæst við eimingu kornmeskis
- sykraður með maltsterkjukljúfi sem er í meskinu, einnig með náttúrlegum ensímum,
  - gerjaður með geri,
  - eimaður að hámarki að 94,8% miðað við rúmmál, þannig að eimið fái lykt og bragð af þeim hráefnum sem eru notuð,
- og þroskaður í viðartunnum, sem taka að hámarki 700 lítra, í að minnsta kosti þrjú ár.

## c) Kornbrennivín:

- 1) Brenndur drykkur sem fæst við eimingu gerjaðs kornmeskis og hefur skynmatseinkenni frá þeim hráefnum sem eru notuð.

Heimilt er að nota orðin *Korn* eða *Kornbrand* í staðinn fyrir „kornbrennivín“ ef drykkurinn er framleiddur í Þýskalandi og á þeim svæðum bandalagsins þar sem þýska er eitt af opinberum tungumálum að því tilskildu að hefð sé fyrir því að drykkurinn sé framleiddur á þessum svæðum og að allt efni kornbrennivínsins sé fengið þar:

- annaðhvort eingöngu með eimingu gerjaðra, malaðra heilkorna af hveiti, byggi, höfrum, rúgi eða bókhveiti ásamt öllum þáttum þeirra,
- eða með endureimingu eimis sem fengist hefur samkvæmt fyrstu undirgrein.

- 2) Ef gefa á kornbrennivíni heitið „korn brandy“ verður það að hafa fengist við eimingu á gerjuðu kornmeski að hámarki að 95% miðað við rúmmál, og skal það hafa skynmatseinkenni frá þeim hráefnum sem eru notuð.

## d) Brennt vín:

## Brenndur drykkur

- sem er framleiddur einungis með eimingu að hámarki að 86% miðað við rúmmál vínsins eða víns sem er styrkt fyrir eimingu eða með endureimingu véneimis að hámarki að 86% miðað við rúmmál,
- sem í er eigi minna en 125 g rokgjarnra efna á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál, og
- sem hefur 200 g hámarksstyrkleika metanóls á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál.

Heimilt er að markaðssetja þennan drykk undir heitinu „brennt vín“ á því svæði þar sem þroskun fór fram hafi þroskunin tekið jafnlangan eða lengri tíma og áskilinn er vegna vörunnar sem um getur í e-lið.

e) *Brandy* eða *Weinbrand*:

## Brenndur drykkur

- sem er framleiddur úr brenndu víni, einnig blönduðu með véneimi sem var eimað að hámarki að 94,8% miðað við rúmmál að því tilskildu að eimið taki ekki meira en 50% af rúmmáli fullunninnar vöru,
- sem er látinn þroskast í að minnsta kosti eitt ár í íláti úr eik eða að minnsta kosti sex mánuði í eikartunnum sem taka minna en 1 000 lítra,
- þar sem magn rokgjarnra efna er að lágmarki 125 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál og sem fengist hefur einungis með eimingu eða endureimingu þeirra hráefna sem eru notuð,
- sem er með 200 g hámarksstyrkleika metanólsinnihalds á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál.

## f) Þrúguhratsbrennivín eða þrúguhrat:

## 1) a) Brenndur drykkur

- sem er framleiddur úr gerjuðu og eimuðu þrúguhrati annaðhvort strax með vatnsgufu eða eftir að vatni hefur verið bætt í; heimilt er að bæta við hratíð því hlutfalli af dreggjum sem ákveðið er í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr., eimingin má fara fram í hratinu sjálfu að hámarki að 86% miðað við rúmmál. Heimilt er að endureima við sama alkóhólstyrkleika,

- þar sem magn rokgjarnra efna er að lágmarki 140 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál og sem er með 1 000 g hámarksstyrkleika metanólsinnihalds á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál.

- b) Þó skal a-liður ekki koma í veg fyrir markaðssetningu þrúguhratsbrennivíns í Portúgal með 1 500 g hámarksstyrkleika metanólsinnihalds á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál á aðlögunartímabilinu sem kveðið er á um í aðildarlögunum frá 1985.

- 2) Einungis er heimilt er að nota merkinguna *grappa* í stað heitisins „þrúguhrat“ eða „þrúguhratsbrennivín“ á drykk sem er framleiddur á Ítalíu.

## g) Ávaxtahratsbrennivín:

Brenndur drykkur sem er framleiddur með gerjun og eimingu ávaxtahrats. Aðstæður við eimingu, sérkenni vöru og önnur skilyrði skulu vera í samræmi við þær reglur sem eru settar í 15. gr.

h) Rúsínubrennivín eða *raisin brandy*:

Brenndur drykkur sem er framleiddur með eimingu afurðar sem fengist hefur með vínandagerjun á kjarna þurrkaðra vínberja af tegundunum „Corinth Black“ eða „Malaga muscat“ og er eimaður að hámarki að 94,5% miðað við rúmmál, þannig að eimið fái lykt og bragð frá hráefninu sem er notað.

## i) Ávaxtabrennivín:

## 1) a) Brenndir drykkir

- sem eru framleiddir eingöngu með vínandagerjun og eimingu kjötríkra ávaxta eða þykknis slíkra ávaxta, einnig með steinum,

- sem eru eimaðir að hámarki að 86% miðað við rúmmál þannig að eimið fái lykt og bragð frá eimuðu ávöxtunum,

- þar sem magn rokgjarnra efna er að lágmarki 200 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál, og

- sem eru með 1 000 g hámarksstyrkleika metanólsinnihalds á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál, og

— eru með blásýru að hámarki 10 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál, sé um að ræða ávaxtabrennivín með steinum.

b) Samþykka má undanþágur frá ákvæðum þriðja, fjórða og fimmta undirliðar a-liðar í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr., einkum ef framleiðsla og sala hinna hefðbundnu vara aflar talsverðra tekna fyrir tiltekna ávaxtaframleiðendur í bandalaginu.

c) Drykkir sem eru skilgreindir með þessum hætti kallast „brennivín“ og skal heiti ávaxtarins koma á undan, til dæmis: kirsberjabrennivín eða *kirsch*, plómubrennivín eða *slivovitz*, mírabell-, ferskju-, epla-, peru-, apríkósu-, fikju-, sítrus- eða þrúgubrennivín eða brennivín úr öðrum ávöxtum. Einnig má kalla það *-wasser* ásamt heiti ávaxtarins.

Heitið *Williams* má einungis nota til að lýsa perubrennivíni sem er eingöngu framleitt úr perum af tegundinni *Williams*.

Ef tveir eða fleiri ávextir eru eimaðir saman skal varan bera heitið „ávaxtabrennivín“. Heimilt er að bæta við heitið hverri þeirri ávaxtategund sem notuð er og skal fyrst nefna þá tegund sem mest er af í drykknum og síðan aðrar í röð eftir minnkandi magni.

d) Í þeim tilvikum er heiti ávaxtar kemur í stað orðsins „brennivín“ með heiti ávaxtarins á undan skal það gert í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr.

2) Heitið „-brennivín“ með heiti ávaxtar á undan má einnig nota um brennda drykki sem eru framleiddir með því leggja í bleyti, undir lágmarksskammtinum 100 kg af ávöxtum á hverja 20 lítra miðað við 100% rúmmál af vínanda, tiltekin ber og aðra ávexti eins og hindber, brómber, aðalbláber o.fl., gerjuð að hluta til eða ógerjuð, í etanól úr landbúnaði eða í brennt vín eða eimi eins og það er skilgreint í þessari reglugerð, sem síðan er eimað.

Skilyrði fyrir því að nota heitið „-brennivín“ með heiti ávaxtarins á undan, til að koma í veg fyrir að ávaxtabrennivínum í 1. tölul. og umræddum ávexti verði ruglað saman, skulu ákveðin samkvæmt reglum sem eru settar í 15. gr.

3) Brennda drykki sem fást með því að leggja ógerjaða, heila ávexti, eins og um getur í 2. tölul., í bleyti í etanól úr landbúnaði og eru síðan eimaðir má kalla „-geist“ ásamt heiti ávaxtarins.

j) Epla- eða perusafabrennivín:

Brenndir drykkir

— sem eru framleiddir einungis með eimingu epla- eða perusafa, og

— sem fullnægja kröfum annars, þriðja og fjórða undirliðar a-liðar 1. tölul. í i-lið um ávaxtabrennivín.

k) Maríuvandarbrennivín:

Brenndur drykkur framleiddur úr eimi maríuvandar sem fengist hefur með gerjun róta maríuvandar, einnig með etanóli úr landbúnaði.

l) Brenndir drykkir úr ávöxtum:

1) Brenndir drykkir sem hafa fengist með því leggja ávexti í bleyti í etanól úr landbúnaði og/eða eimi úr landbúnaði og/eða brennivín samkvæmt skilgreiningu þessarar reglugerðar innan þess lágmarksmagns sem verður ákveðið með reglum sem eru settar í 15. gr.

Heimilt er að bragðbæta þessa brenndu drykki með bragðgefandi efnum og/eða bragðefnablöndum öðrum en þeim sem fást af ávextinum sem er notaður. Þessi bragðgefandi efni og bragðefnablöndur eru skilgreindar eftir því sem við á í i-lið b-liðar og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE. Þó má einkennandi bragð drykkjarins og litur hans einungis koma frá þeim ávexti sem er notaður.

2) Drykkir sem eru skilgreindir með þessum hætti kallast „brenndir drykkir“ eða „-brennivín“ tengt heiti ávaxtarins. Í þeim tilvikum og við aðstæður sem heiti ávaxtar kemur í stað þessa heitis skal það gert í samræmi við þær reglur sem eru settar í 15. gr.

Þó er einungis heimilt að nota heitið *Pacharán* um „brenndan ávaxtadrykk“ sem er framleiddur á Spáni og hefur fengist með því leggja þyrniplómur (*prunus spinosa*) í bleyti og skal lágmarksmagn vera 250 g af ávöxtum á hvern lítra hreins vínanda.

m) Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum:

1) a) Brenndir drykkir sem eru framleiddir með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði og/eða kornbrennivín og/eða korneimi með einiberjum (*juniperus communis*).

Önnur náttúrleg bragðgefandi efni og/eða bragðgefandi efni jafngild þeim samkvæmt skilgreiningu i- og ii-liðar í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreinar í c-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, og/eða ilmandi plöntur eða hlutar af ilmandi plöntum til viðbótar, en skynmatseinkenni einiberjanna verða að vera merkjanleg, jafnvel þótt stundum sé dregið úr þeim.

- b) Heimilt er að kalla drykkina *Wacholder*, *ginebra* eða *genebra*. Ákveða skal heitin í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr.
- c) Vínandi sem er notaður í brennda drykki með heitinu *genièvre*, *jenever*, *genever* og *peket* verður að vera að því er skynmat varðar nothæfur til framleiðslu ofangreindra drykkja og með 5 g hámarksstyrkleika metanólsinnihalds á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál og 0,2 g hámarksstyrkleika aldehyðinnihalds, asetaldehýðinnihalds, á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál. Bragð af einiberjum þarf ekki að vera merkjanlegt í þessum vörum.
- 2) a) Heimilt er að kalla drykkinn „gin“ ef hann er framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði, er telst nothæft hvað skynmat varðar, með náttúrlegum bragðgefandi efnum og/eða bragðgefandi efnum jafngildum þeim, samkvæmt skilgreiningu i- og ii-liðar í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE og/eða bragðefnablöndum samkvæmt skilgreiningu c-liðar 2. mgr. 1. gr. sömu tilskipunar þannig að einiberjabragð sé ríkjandi.
- b) Heimilt er að kalla drykkinn „eimað gin“ ef hann er eingöngu framleiddur með því að endureima etanól úr landbúnaði sem telst nothæft hvað skynmat varðar og er af réttum gæðaflokki með grunnstyrkleika vínanda að hámarki að 96% miðað við rúmmál, í eimíngartækjum sem hefð er fyrir að nota fyrir gin, í einiberjum og öðrum jurtum, að því tilskildu að einiberjabragðið sé ríkjandi. Hugtakið „eimað gin“ má einnig nota um blöndu afurðar slíkrar eimíngar og etanóls úr landbúnaði með sömu samsetningu, hreinleika og alkóhólstyrkleika. Náttúrleg bragðgefandi efni og/eða bragðgefandi efni jafngild þeim og/eða bragðefnablöndur samkvæmt a-lið má einnig nota til að bragðbæta eimað gin. *London gin* er ein tegund eimaðs gins.
- Gin* sem fæst eingöngu með því að bæta krafti eða bragðefnum í etanól úr landbúnaði telst ekki til eimaðs gins.
- n) Brenndir drykkir bragðbættir með kúmeni:
- 1) Brenndir drykkir sem fást með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með kúmeni (*Carum carvi L.*).
- Auk þess er heimilt að nota önnur náttúrleg bragðgefandi efni og/eða bragðgefandi efni jafngild þeim samkvæmt skilgreiningu i- og ii-liðar í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE og/eða bragðefnablöndur, eins og þær eru skilgreinar í c-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, en bragð af kúmeni verður að vera ríkjandi.
- 2) a) Einnig er heimilt að kalla brennda drykkina sem eru skilgreindir í 1. tölul. *akvavit* eða *aquavit* ef þeir eru bragðbættir með eimi úr jurtum eða kryddi.
- Auk þess er heimilt að nota önnur bragðgefandi efni sem eru skilgreind í annarri undirgrein 1. tölul., en bragð þessara drykkja verður að mestu leyti að fást úr kúmeneimi og/eða dilleimi (*Anethum graveolens L.*); bannað er að nota rokgyrnar olíur.
- b) Beisk efni mega ekki vera augljóslega ríkjandi í bragðinu; innihald þurrkjarna má ekki vera meira en 1,5 g á hverja 100 ml.
- o) Brenndir drykkir bragðbættir með anísfræjum:
- 1) Brenndir drykkir sem eru framleiddir með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með náttúrlegum kjörnum af stjörnuanis (*Illicium verum*), anís (*Pimpinella anisum*), finkli (*Foeniculum vulgare*) eða öðrum jurtum sem innihalda sama ilmgefandi aðaluppistöðuefni, með því að nota eina af eftirtöldum aðferðum:
- upplausn og/eða eimíngu;
  - endureimíngu vínanda með fræjum eða öðrum jurtahlutum sem eru tilgreindir hér að framan,
  - náttúrlegum, eimuðum kjörnum af jurtum með anísbragði er bætt við,
  - sambland þessara þriggja aðferða.
- Einnig er heimilt að nota aðra náttúrlega jurtakjarna eða ilmgefandi fræ, en anísbragðið verður að vera ríkjandi áfram.
- 2) Ef kalla á brenndan drykk sem er bragðbættur með anísfræjum „*pastis*“ verður hann einnig að innihalda náttúrlegan kjarna lakkrísrótar (*Glycyrrhiza glabra*) og þar með litarefnin „*chalcones*“ og glýsýrrisín-sýru, en magn hennar verður að vera að lágmarki 0,05 g á hvern lítra og að hámarki 0,5 g á hvern lítra.
- Pastis* inniheldur minna en 100 g af sykri á hvern lítra og inniheldur að lágmarki 1,5 g af anetóli á hvern lítra og að hámarki 2 g af anetóli á hvern lítra.
- 3) Ef kalla á brenndan drykk sem er bragðbættur með anísfræjum „*ouzo*“ verður hann að hafa verið:
- framleiddur alfarið á Grikklandi,

— framleiddur með því að blanda saman vínanda sem er bragðbættur við eimingu eða þroskun með anísfræjum og hugsanlega einnig finkulfræjum, viðarkvoðu úr *lentiscus* frá eygni Chios (*Pistacia lentiscus Chia* eða *latifolia*) og öðrum ilmgefandi fræjum, jurtum og ávöxtum; vínandi sem er bragðbættur með eimingu verður að vera að minnsta kosti 20% af alkóhólstyrkleika *ouzo*.

Eimið verður:

— að hafa verið framleitt með eimingu í hefðbundnum kopareimingartækjum sem vinna ekki samfelt og rúma 1 000 lítra eða minna,

— að hafa alkóhólstyrkleika að lágmarki 55% miðað við rúmmál og að hámarki 80% miðað við rúmmál.

*Ouzo* verður að vera litarlaust og sykurmagn þess verður að vera að hámarki 50 g á hvern lítra.

- 4) Ef kalla á brenndan drykk sem er bragðbættur með anísfræjum *anis* verður hið einkennandi bragð að hafa fengist eingöngu úr anís (*pimpinella anisum*) og/eða stjórnuanís (*illicium verum*) og/eða finkli (*foeniculum vulgare*). Heimilt er að nota heitið „eimað *anis*“ ef drykkurinn inniheldur vínanda sem er eimaður með þessum fræjum, að því tilskildu að vínandinn sé að minnsta kosti 20% af alkóhólstyrkleika drykkjarins.

p) Brenndir drykkir með beisku bragði eða *bitter*:

Brenndir drykkir er hafa fyrst og fremst beiskt bragð sem fæst með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði með náttúrlegum bragðgefandi efnum og/eða bragðgefandi efnum sem eru jafngild þeim samkvæmt skilgreiningu i- og ii-liðar í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE og/eða bragðefnablöndur samkvæmt skilgreiningu c-liðar 2. mgr. 1. gr. sömu tilskipunar.

Þessa drykki má einnig markaðssetja með heitinu „amer“ eða *bitter* með eða án annars heitis.

Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á notkun heitisins „amer“ í stað *bitter* á vörur sem heyra ekki undir þessa grein.

q) Vodka:

Brenndur drykkur sem fæst annaðhvort með því að hreinsa etanól úr landbúnaði eða með því að sía hann í gegnum virk viðarkol, með einfaldri eimingu á eftir ef á þarf að halda, eða sambærilegri meðferð þannig að viljandi sé dregið úr skynmatseinkennum hráefnisins. Hægt er að gefa vörunni sérstök skynmatseinkenni, til dæmis milt bragð með því að bæta bragðefnum við.

r) Líkjör:

1) Brenndur drykkur:

— sem hefur sykurmagn upp á að minnsta kosti 100 g á hvern lítra í formi invertsykurs með fyrirvara um ákvörðun um annað sem tekin skal í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr.,

— sem er framleiddur með því að bragðbæta etanól úr landbúnaði eða eimi úr landbúnaði eða einn eða fleiri brennda drykki samkvæmt skilgreiningu þessarar reglugerðar eða blöndu af ofangreindu, og sem sætuefnum er bætt í og hugsanlega auk þess öðrum landbúnaðarafurðum eins og rjóma, mjólk eða öðrum mjólkurafurðum, ávöxtum, víni eða bragðbættu víni.

2) Heitið „*crème de*“ að viðbættu heiti ávaxtar eða hráefnis, þó ekki mjólkurafurðar, skal einungis nota um líkjöra sem innihalda minnst 250 g af sykri á hvern lítra í formi invertsykurs.

Heitið „*crème de cassis*“ skal þó einungis nota um sólberjalíkjöra sem innihalda 400 g af sykri á hvern lítra í formi invertsykurs.

s) Eggjalíkjör/*advocaat/avocat/Advokat*:

Brenndur drykkur, einnig bragðbættur, sem fengist hefur úr etanóli úr landbúnaði, en hráefnið er gæðaeggjarauða, eggjahvíta og sykur eða hunang. Lágmarksmagn sykurs eða hunangs verður að vera 150 g á hvern lítra. Lágmarksmagn eggjarauðu verður að vera 140 g á hvern lítra fullunninnar vöru.

t) Líkjör með eggjum:

Brenndur drykkur, einnig bragðbættur, sem fengist hefur úr etanóli úr landbúnaði, en hráefnið er gæðaeggjarauða, eggjahvíta og sykur eða hunang. Lágmarksmagn sykurs eða hunangs verður að vera 150 g á hvern lítra. Lágmarksmagn eggjarauðu verður að vera 70 g á hvern lítra fullunninnar vöru.

2. gr.

Með fyrirvara um 3., 4. og 12. gr. verður brenndur drykkur að vera í samræmi við þá skilgreiningu og standast þær kröfur sem gilda um flokkinn sem hann tilheyrir til þess að unnt sé að markaðssetja hann til beinnar neyslu undir einu þeirra heita sem fram koma í 4. mgr. 1. gr.

3. gr.

1. Að frátöldum brenndum drykkjum sem eru bragðbættir með einiberjum samkvæmt skilgreiningu 1. liðar í m-lið 4. mgr. 1. gr. skal lágmarksalkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál þeirra brenndu drykkja sem hér verða taldir

upp, og ætlaðir eru til beinnar neyslu í bandalaginu undir heitunum í 4. mgr. 1. gr., að undanteknum tilteknum vörum sem hafa alkóhólstyrk eins og tilgreint er í III. viðauka, vera sem hér segir:

- 40% *whisky/whiskey*  
*pastis*
- 37,5% romm  
*Rum-Verschnitt*  
brennt vín  
þrúguhratsbrennivín  
ávaxtahratsbrennivín  
rúsínubrennivín  
ávaxtabrennivín  
eplasafa- og perusafabrennivín  
maríuvandarbrennivín  
*gin/ eimað gin*  
*akvavit/aquavit*  
vodka  
*grappa*  
*ouzo*  
*Kornbrand*
- 36% *brandy/Weinbrand*
- 35% kornbrennivín/kornbrandy  
*anis*
- 32% *Korn*
- 30% brenndir drykkir bragðbættir með kúmeni (nema *akvavit/aquavit*)
- 25% brenndir drykkir úr ávöxtum
- 15% brenndir drykkir bragðbættir með anísfræjum (nema *ouzo, pastis, anis*)  
aðrar vörur í 4. mgr. 1. gr. og ónefndar hér að ofan.

2. Heimilt er að setja í landslög ákvæði um lágmarksalkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, sem er yfir mörkunum í 1. mgr., vegna brenndra drykkja sem eru taldir upp í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þennan alkóhólstyrkleika innan þriggja mánaða frá:

- gildistöku þessarar reglugerðar, vegna ákvæða sem eru þegar í gildi,
- eða samþykkt þeirra, vegna ákvæða sem eru samþykkt eftir að þessi reglugerð öðlast gildi.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að þau séu birt í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins*.

3. Ráðið getur með auknum meirihluta, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, ákveðið lágmarksalkóhól-mörk miðað við rúmmál hvað varðar flokka annarra drykkja en þeirra sem um getur í 1. mgr.

4. Ráðið mun fyrir 31. desember 1992 endurskoða lágmarksalkóhólstyrkleika á *whisky/whiskey* á grundvelli markaðsrannsóknna sem fara fram á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

#### 4. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt 2. – 5. mgr. er óheimilt að nota frátekið heiti á viðkomandi brenndan drykk hafi verið bætt í hann öðrum efnum en þeim sem leyfileg eru samkvæmt löggjöf bandalagsins eða, að öðrum kosti, samkvæmt ákvæðum landslaga.

2. Skrá yfir aukefni í matvælum, fyrirmæli um notkun þeirra og viðkomandi brennda drykki skal gerð í samræmi við reglur sem eru settar í tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum <sup>(1)</sup>.

3. Heimilt er að ákveða skrá yfir leyfileg hjálparefni við framleiðslu, fyrirmæli um notkun þeirra og viðkomandi brennda drykki í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr.

4. Með fyrirvara um strangari ákvæði í 4. mgr. 1. gr. skal heimila notkun litarefna í brennda drykki í samræmi við innlendar reglur sem eru settar í samræmi við tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Spánar og Portúgals.

5. Einungis er heimilt að nota náttúrleg bragðgefandi efni og bragðefnablöndur sem eru skilgreindar í i-lið b-liðar 2. mgr. 1. gr. og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE við blöndun brenndra drykkja sem eru skilgreindir í 4. mgr. 1. gr., þó ekki ef um er að ræða drykki sem eru skilgreindir í m-, n og p-liðum 4. mgr. 1. gr.

Þó er heimilt að nota bragðgefandi efni og blöndur sem eru jafngildar náttúrlegum bragðgefandi efnum og blöndum samkvæmt skilgreiningu ii-liðar b-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE í líkjörum, nema þeim sem hér eru taldir upp:

a) ávaxtalíkjörar (eða crèmes):

- ananas,
- sólber,
- kirsuber,
- hindber,
- mórber,
- aðalbláber,
- sítrusávextir;

b) jurtalíkjörar:

- mynta,
- maríuvöndur,
- anísfræ,
- silfurmaltur,
- gullkollur.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

6. Heimilt er að bæta við vatni, hugsanlega eimuðu eða steinefnalaus, við blöndun brenndra drykkja, að því tilskildu að gæði vatnsins sé í samræmi við innlend ákvæði samþykkt vegna framkvæmdar tilskipana 80/777/EBE og 80/778/EBE og vatnið sem er bætt við breyti ekki eðli vörunnar.

7. a) Etanól sem er notað við blöndun brenndra drykkja má einungis vera úr landbúnaði.
- b) Etanól sem er notað til að þynna eða leysa upp litarefni, bragðefni eða önnur leyfileg augefni sem eru notuð við blöndun brenndra drykkja verður að vera úr landbúnaði.
- c) Með fyrirvara um strangari ákvæði samkvæmt 1. tölul. m-liðar 4. mgr. 1. gr. verður etanól úr landbúnaði að standast kröfurnar í I. viðauka.

8. Samþykkja skal nákvæmar reglur, auk aðferða við greiningu brenndra drykkja, í samræmi við reglurnar sem eru settar í 14. gr.

Ráðinu er heimilt að bæta við skrá yfir líkjöra í annarri undirgrein 5. mgr. í krafti aukins meirihluta, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

#### 5. gr.

1. Með fyrirvara um ráðstafanir samkvæmt 6. gr. skal takmarka notkun heita sem um getur í 4. mgr. 1. gr. við brennda drykki sem eru skilgreindir þar, og skal taka tillit til þeirra krafna sem eru settar fram í 2., 3., 4. og 12. gr. Þessi heiti verður að nota til að lýsa drykkjunum.

Brenndir drykkir sem eru ekki í samræmi við forskriftirnar fyrir skilgreindu vörurnar í 4. mgr. 1. gr. mega ekki bera heiti þeirra vara. Þeir skulu bera lýsinguna: „brenndir drykkir“ eða „brennivín“.

2. Heimilt er að bæta við heiti sem eru skráð í 1. mgr. landfræðilegum sérmerkingum öðrum en þeim sem fram koma í 3. mgr., að því tilskildu að þær villi ekki um fyrir neytendum.

3. a) Heimilt er að láta landfræðilegar sérmerkingar sem eru skráðar í II. viðauka koma í stað merkinga sem um getur í 1. mgr. eða bæta þeim við þær þannig að úr verði samsettar merkingar. Heimilt er að bæta við þessar merkingar, einnig hinar samsettu, öðrum upplýsingum að því tilskildu að framleiðsluríkið hafi umsjón með slíku.

Þrátt fyrir ofangreint skulu orðin *marque nationale luxembourgeoise* koma í stað landfræðilegu sér-

merkinganna og bætast við heiti brenndu drykkjanna sem eru framleiddir í Stórhertogadæminu Lúxemborg og skráðir í II. viðauka.

- b) Þessar landfræðilegu sérmerkingar skulu teknar frá fyrir brennda drykki hafi þeir fengið eiginleika sína og sérkenni á framleiðslustigi sem fór fram á tilgreinda svæðinu.
- c) Aðildarríkjunum er heimilt að beita sérstökum innlendum reglum um framleiðslu, flutninga innan aðildarríkis, lýsingu og kynningu á vörum sem eru framleiddar á yfirráðasvæðum þeirra, að því tilskildu að þær séu samrýmanlegar lögum bandalagsins. Ef reglur eru liður í mótun gæðastefnu geta þær takmarkað framleiðslu á tilteknu landsvæði við gæðavörur sem samrýmast þessum sérstöku reglum.

#### 6. gr.

1. Sérákvæði geta gilt um merkingar sem eru notaðar til viðbótar vörulýsingunni, t.d.:

— um notkun hugtaka, styttingar eða merki,

— um notkun samsettra hugtaka sem fela í sér samheiti skilgreind í 2. og 4. mgr. 1. gr.

2. Sérákvæði geta gilt um heiti á blöndum brenndra drykkja og blöndum drykkja og brenndra drykkja.

3. Ákvæðin sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu gilda í samræmi við reglurnar sem eru settar í 15. gr. Þeim skal einkum ætlað að koma í veg fyrir að ruglingur skapist vegna þeirra heita sem vísað er til í þessum málsgreinum, sérstaklega á þetta við um vörur sem eru til þegar þessi reglugerð öðlast gildi.

#### 7. gr.

1. Merkingar, kynning og auglýsingar á brenndum drykkjum í 4. mgr. 1. gr. sem eru ætlaðir neytendum skulu, auk þess að vera í samræmi við innlenda löggjöf sem byggist á tilskipun 79/112/EBE, samræmast 2. og 3. mgr.

2. a) Heitið sem vörur sem um getur í 2. og 4. mgr. 1. gr. eru seldar undir skal vera eitt þeirra heita sem er eingöngu notað fyrir slíka vöru samkvæmt 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

b) Ef fram kemur á merkimiðanum hvaða hráefni úr landbúnaði er notað til framleiðslu etanólsins skal nefna allar tegundir landbúnaðaretanóls sem eru notaðar, í röð eftir minnkandi magni.

- c) Bæta skal við heitið sem brenndir drykkir í 1. mgr. eru seldir undir orðinu „blanda“ hafi varan verið blönduð.
- d) Einungis þarf, nema í undantekingartilvikum, að tilgreina þroskunartímabil ef það vísar til yngsta þáttar vínanda og að því tilskildu að varan hafi verið geymd undir eftirliti hins opinbera eða eftirliti sem veitir sömu tryggingu.
3. Ákveða má eftirtalin atriði í samræmi við reglurnar í 14. gr. fyrir vörur sem um getur í 4. mgr. 1. gr.:

- a) skilyrði fyrir því að heimilt sé að tilgreina þroskunartíma á merkimiða og hráefni;
- b) skilyrði fyrir því að nota vörulýsingar sem gefa í skyn að varan hafi verið þroskuð, auk undantekninga og skilyrði fyrir samsvarandi eftirlit;
- d) reglur um merkingu vara í umbúðum sem eru ekki ætlaðar neytendum, auk frávika frá reglum um merkingar þar sem einkum er tekið tillit til geymslu og flutninga.

4. Veita skal upplýsingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð á einu eða fleiri opinberum tungumálum bandalagsins þannig að neytandi geti auðveldlega skilið hvert atriði nema því aðeins að kaupendur fái þessar upplýsingar með öðrum hætti.

5. Óheimilt er að þýða landfræðilegu sérmerkingarnar sem skráðar eru í II. viðauka, skáletruðu heitin í 4. mgr. 1. gr. og heitið *Rum-Verschnitt*.

Þó er heimilt að ákveða, samkvæmt þeim reglum sem eru settar í 14. gr., að beiðni aðildarríkisins þar sem neysla fer fram, að bætt skuli við skáletruðu heitin og, einkum, *raisin brandy* jafngildum heitum þannig að ekki verði villt um fyrir neytendum í umræddu aðildarríki.

6. Fyrir vörur upprunnar í þriðja landi er heimilt að nota opinbert tungumál framleiðslulandsins ef þær upplýsingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð koma einnig fram á opinberu tungumáli bandalagsins þannig að neytendur geti auðveldlega skilið hvert atriði.

7. Með fyrirvara um 12. gr. er heimilt að endurtaka upplýsingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð á öðru tungumáli ef um er að ræða vörur sem eru upprunnar í bandalaginu og ætlaðar til útflutnings; þetta á ekki við um upplýsingar sem um getur í 5. mgr.

8. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða, í samræmi við reglur í 15. gr., í hvaða tilvikum og/eða vegna hvaða brenndra drykkja ber skylda til að vísa til framleiðslustaðar og/eða uppruna og/eða birgðastaðar, auk nánari útfærslu á þessum upplýsingum.

8. gr.

Ef markaðssetja á brennda drykki sem eru framleiddir í bandalaginu til neyslu er óheimilt að lýsa þeim með því að bæta við vörulýsingar sem nefndar eru í þessari reglugerð orðum eins og „líki“, „tegund“, „gerð“, „framleiðsla“, „bragð“ eða öðrum álíka upplýsingum.

9. gr.

1. Í kynningu brenndu drykkjanna sem eru taldir upp hér á eftir:

- romm,
- *whisky* og *whiskey*,
- kornbrennivín/*kornbrandy*,
- brennt vín og *brandy*,
- þrúguhratsbrennivín,
- rúsínubrennivín,
- ávaxtabrennivín, önnur en þau sem eru skilgreind í 2. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr.,
- epla- og perusafabrennivín,

er óheimilt að nota samheiti sem eru aðeins ætluð ofangreindum drykkjum ef þeir innihalda etanol úr landbúnaði.

2. Þó kemur 1. mgr. ekki í veg fyrir markaðssetningu á vörum til neytenda í bandalaginu sem framleiddar eru í Þýskalandi og fást með því að blanda saman rommi og alkóhóli. Lágmarksmagn romms í vínanda fullunninnar vöru skal vera 5% í *Rum-Verschnitt*. Ef selja á vöruna utan þýska markaðarins skal tilgreina alkóhólsamsetningu á merkimiðanum.

Að því er varðar merkingu og kynningu á *Rum-Verschnitt* skal orðið *Verschnitt* koma fram á pakkningunni (flöskunni eða umbúðunum) með stöfum sem eru af sömu gerð, stærð og lit og í sömu línu og orðið *Rum* og á flöskum skal það koma fram á aðalmerkimiðanum.

10. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum bandalagsins um brennda drykki. Þau skulu tilnefna einn eða fleiri aðila til

að hafa eftirlit með því að farið sé að þessum ákvæðum.

Ef um er að ræða vörur sem eru skráðar í II. viðauka er heimilt að ákveða, í samræmi við reglur í 14. gr., að slíkt eftirlit og verndun fari fram, að því er viðskipti innan bandalagsins varðar, með verslunarskjölum sem stjórnvöld staðfesta og að haldnar séu viðeigandi skrár.

2. Ráðið skal, vegna brenndra drykkja sem eru skráðir í II. viðauka og fluttir út, með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, koma á kerfi til þess að sannreyna skjöl og koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi og falsanir. Þessu kerfi er ætlað að koma í stað núverandi innlendra kerfa. Það verður að vera að minnsta kosti jafnöruggt og innlendu kerfin, samanber þó reglur bandalagsins og einkum þær er lúta að samkeppni.

Þar til kerfið sem um getur í undanfarandi undirgrein verður tekið í notkun er aðildarríkjunum heimilt að nota eigið kerfi til sannprófunar standist kerfið reglur bandalagsins.

3. Ráðið skal með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvæðum bandalagsins er varða brennda drykki verði beitt á sama hátt og einkum að því er varðar eftirlit og tengsl milli þar til bærra aðila aðildarríkjanna.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu veita hvert öðru upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar. Samþykkja skal nákvæmar reglur um slíkar upplýsingar og dreifingu þeirra í samræmi við reglur sem eru settar í 14. gr.

#### 11. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. geta innfluttir brenndir drykkir, sem ætlaðir eru neytendum í bandalaginu og bera landfræðilegar merkingar eða heiti sem er ekki tilgreint í 4. mgr. 1. gr., samkvæmt gagnkvæmu fyrirkomulagi, fallið undir eftirlitið og verndina sem um getur í 10. gr.

Fyrsta undirgrein kemur til framkvæmda samkvæmt samkomulagi sem gert verður við hlutaðeigandi þriðju lönd samkvæmt reglum sem eru settar í 113. gr. sáttmálans.

Samþykkja skal nákvæmar reglur og skrá yfir vörur sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við reglur sem eru settar í 15. gr.

2. Þessi reglugerð er með fyrirvara um tiltekna brennda drykki sem eru upprunnir í þriðju löndum og eru fluttir inn og markaðssettir í neytendaumbúðum innan bandalagsins undir upprunaheitum þeirra og njóta tollaívilnana banda-

lagsins annaðhvort með GATT eða öðrum tvíhliða samningum og sem bundnir eru aðgangsskilyrðum í reglugerðum bandalagsins.

#### 12. gr.

1. Brenndir drykkir sem eru ætlaðir til útflutnings verða að samrýmast ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Þó er aðildarríkjunum heimilt að leyfa frávik frá ákvæðum 2., 3., 4. og 6. mgr. 4. gr. en ekki hvað varðar brennda drykki sem eru skráðir í II. og III. viðauka eða brennda drykki með frátekna lýsingu.

3. Einnig er heimilt að ákveða frávik frá ákvæðum 3. gr. varðandi leyfilegan alkóhólstyrkleika til neytenda vegna:

— brenndra drykkja sem falla undir 2. og 4. mgr. 1. gr.;

— brenndra drykkja sem falla undir II. viðauka, einkum ef slíks er krafist samkvæmt lögum þess þriðja lands sem flytur inn,

að beiðni framleiðanda aðildarríkis í samræmi við reglur í 14. gr.

4. Aðildarríkin geta heimilað frávik frá reglum um merkingu og kynningu, að undanskildum heitum sem kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 1. gr. og í II. og III. viðauka og með fyrirvara um 8. og 9. gr.:

— ef þess er krafist í gildandi lögum í þriðja landinu sem flytur inn,

— í tilvikum sem heyra ekki undir fyrsta undirliðið, að undanteknum ýmsum upplýsingum sem ákveðnar verða í samræmi við reglur sem eru settar í 14. gr.

5. Tilkyнна skal framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um frávik sem aðildarríkin heimila.

#### 13. gr.

1. Komið skal á fót framkvæmdanefnd um brennda drykki, sem nefnist hér á eftir „nefndin“, og skal hún skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Innan nefndarinnar vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

*14. gr.*

1. Þegar fylgja skal tilhögun þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 54 atkvæða meirihluta.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja þær fyrir ráðið. Framkvæmdastjórninni er þá heimilt að fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda, um einn mánuð.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan eins mánaðar.

*15. gr.*

1. Þegar fylgja skal tilhögun þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans ef um er að ræða ákvarðanir sem ráðið þarf að taka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna innan nefndarinnar vega á þann hátt sem fram kemur í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 1989.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

*16. gr.*

Nefndinni er heimilt að taka afstöðu til annarra mála sem formaðurinn vísar til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

*17. gr.*

1. Til þess að auðvelda breytingu frá núgildandi kerfi yfir í það sem reglugerð þessi kveður á um skal samþykkja bráðabirgðaráðstafanir í samræmi við reglurnar í 14. gr.

2. Bráðabirgðaráðstafanirnar skulu gilda að hámarki í tvö ár frá því að reglugerð þessi kemur til framkvæmda.

*18. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Hún gildir frá 15. desember 1989, að undantekinni 13. – 16. gr. sem taka gildi á sama tíma og reglugerðin.

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. ROMERO HERRERA

*forseti.*

## I. VIDAUKI

**Einkenni etanóls úr landbúnaði sem um getur í h-lið 3. mgr. 1. gr.**

1. Skynmatseinkenni:	Einungis bragð af hráefninu er merkjanlegt
2. Lágmarksstyrkleiki alkóhóls miðað við rúmmál:	96% miðað við rúmmál
3. Hámarks magn efnaleifa:	
— Heildarmagn sýru, mælt í grömmum ediksýru á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	1,5
— Esterar, mældir í grömmum etýlasetats á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	1,3
— Aldehyð, mælt í grömmum asetaldehýðs á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	0,5
— Hærra alkóhól, mælt í grömmum af metýl-2 própanól-1 á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	0,5
— Metanól, mælt í grömmum á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	50
— Þurrkjarnar, mældir í grömmum á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	1,5
— Rokgjarnir basar sem innihalda köfnunarefni, mældir í grömmum köfnunarefnis á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	0,1
— Fúrfúral	Mælist ekki

## II. VIÐAUKI

## BRENNDIR DRYKKIR

Landfræðilegar sérmerkingar sem um getur í 3. mgr. 5. gr.

Flokkur	Landfræðilegar sérmerkingar
1. Romm	Rhum de la Martinique Rhum de la Guadeloupe Rhum de la Réunion Rhum de la Guyane (heimilt er að bæta við þessi nöfn „traditionnel“) Ron de Malaga Ron de Granada Rum da Madeira
2. a) <i>Whisky</i>	Scotch Whisky Irish Whisky Whisky español (heimilt er að bæta við þessi nöfn orðunum „Malt“ eða „Grain“)
b) <i>Whiskey</i>	Irish Whiskey Uisce Beatha Eireannach/Irish Whiskey (heimilt er að bæta við þessi nöfn orðunum „Pot Still“)
3. Kornbrennivín	Eau-de-vie de seigle, marque nationale luxembourgeoise
4. Brennt vín	Eau-de-vie de Cognac Eau-de-vie des Charentes Cognac (heimilt er að bæta við þessar merkingar einu af eftirfarandi: — Fine — Grande Fine Champagne — Grande Champagne — Petite Fine Champagne — Petite Champagne — Fine Champagne — Borderies — Fins Bois — Bons Bois) Fine Bordeaux Armagnac Bas-Armagnac Haut-Armagnac Ténarèse Eau-de-vie de vin de la Marne Eau-de-vie de vin originaire d-Aquitaine Eau-de-vie de vin de Bourgogne Eau-de-vie de vin originaire du Centre-Est Eau-de-vie de vin originaire de Franche-Comté Eau-de-vie de vin originaire du Bugey Eau-de-vie de vin de Savoie Eau-de-vie de vin originaire des Coteaux de la Loire Eau-de-vie de vin des Côte-du-Rhone Eau-de-vie de vin originaire de Provence Faugères eða eau-de-vie de Faugères Eau-de-vie de vin originaire du Languedoc Aguardente do Minho Aguardente do Douro Aguardente do Beira Interior Aguardente do Bairrada Aguardente do Oeste Aguardente do Ribatejo Aguardente do Alentejo Aguardente do Algarve

Flokkur	Landfræðilegar sérmerkingar
5. Brandy	Brandy de Jerez Brandy de Penedés Brandy italiano <i>Brandy Αττικής/Brandy frá Attíku</i> <i>Brandy Πελοποννήσου/Brandy frá Pelopsskaga</i> <i>Brandy Κεντρικής Ελλάδας/Brandy frá Mið-Grikklandi</i> Deutscher Weinbrand
6. Þrúguhratsbrennivín	Eau-de-vie de marc de Champagne ou marc de Champagne Eau-de-vie de marc originaire d'Aquitaine Eau-de-vie de marc de Bourgogne Eau-de-vie de marc originaire du Centre-Est Eau-de-vie de marc originaire de Franche-Comté Eau-de-vie de marc originaire de Bugey Eau-de-vie de marc originaire de Savoie Marc de Bourgogne Marc de Savoie Marc d'Auvergne Eau-de-vie de marc originaire des Coteaux de la Loire Eau-de-vie de marc des Côtes du Rhône Eau-de-vie de marc originaire de Provence Eau-de-vie de marc originaire du Languedoc Marc d'Alsace Gewürztraminer Marc de Lorraine Bagaceira do Minho Bagaceira do Douro Bagaceira da Beira Interior Bagaceira da Bairrada Bagaceira do Oeste Bagaceira do Ribatejo Bagaceira do Alentejo Bagaceira do Algarve Orujo gallego Grappa di Barolo Grappa piemontese eða del Piemonte Grappa lombarda eða di Lombardia Grappa trentina eða del Trentino Grappa friulana eða del Friuli Grappa veneta eða del Veneto Südtiroler Grappa/Grappa dell' Alto Adige <i>Τσικουδιά Κρήτης/Tsikoudia frá Krít</i> <i>Τσίπουρο Μακεδονίας/Tsipouro frá Makedóníu</i> <i>Τσίπουρο Θεσσαλίας/Tsipouro frá Þessalíu</i> <i>Πίτσιπουρο Τυρνάβου/Tsipouro frá Tyrnavos</i> Eau-de-vie de marc marque nationale luxembourgeoise
7. Ávaxtabrennivín	Schwarzwälder Kirschwasser Schwarzwälder Himbeergeist Schwarzwälder Mirabellenwasser Schwarzwälder Williamsbirne Schwarzwälder Zwetschgenwasser Fränkisches Zwetschgenwasser Fränkisches Kirschwasser Fränkisches Obstler Mirabelle de Lorraine Kirsch d'Alsace Quetsch d'Alsace Framboise d'Alsace Mirabelle d'Alsace Kirsch de Fougerolles Südtiroler Williams/Williams dell' Alto Adige Südtiroler Aprikot eða Südtiroler Marille/Aprikot dell' Alto Adige eða Marille dell' Alto Adige Südtiroler Kirsch/Kirsch dell' Alto Adige Südtiroler Zwetschgeler/Zwetschgeler dell' Alto Adige Südtiroler Obstler/Obstler dell' Alto Adige Südtiroler Gravensteiner/Gravensteiner dell' Alto Adige Südtiroler Golden Delicious/Golden Delicious dell' Alto Adige

Flokkur	Landfræðilegar sérmerkingar
7. Ávaxtabrennivín (frh.)	Williams friulano eða del Friuli Sliwovitz del Veneto Sliwovitz del Friuli-Venezia Giulia Sliwovitz del Trentino-Alto Adige Distillato di mele trentino eða del Trentino Williams trentino eða del Trentino Slowovitz trentino eða del Trentino Aprikot trentino eða del Trentino Medronheira do Algarve Medronheira do Buçaco Kirsch eða Kirschwasser Friulano Kirsch eða Kirschwasser Trentino Kirsch eða Kirschwasser Veneto Aguardente de pêra da Lousa Eau-de-vie de pommes marque nationale luxembourgeoise Eau-de-vie de poires marque nationale luxembourgeoise Eau-de-vie de kirsch marque nationale luxembourgeoise Eau-de-vie de quetsch marque nationale luxembourgeoise Eau-de-vie de mirabelle marque nationale luxembourgeoise Eau-de-vie de prunelles marque nationale luxembourgeoise
8. Epla- eða perusafabrennivín	Calvados du Pays d'Auge Calvados Eau-de-vie de cidre de Bretagne Eau-de-vie de poiré de Bretagne Eau-de-vie de cidre de Normandie Eau-de-vie de poiré de Normandie Eau-de-vie de cidre du Maine Aguardiente de sidra de Asturias Eau-de-vie de poiré du Maine
9. Maríuvandarbrennivín	Bayerischer Gebirgsenzian Südtiroler Enzian/Genziana dell'Alto Adige Genziana trentiana eða del Trentino
10. Brenndir drykkir úr ávöxtum	Pacharán navarro
11. Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum	Ostfriesischer Korngenever Genièvre Flandres Artois Hasseltse jenever Balegemse jenever Péket de Wallonie Steinhäger Plymouth Gin Gin de Mahón
12. Brenndir drykkir bragðbættir með kúmeni	Dansk Akvavit/Dansk Aquavit
13. Brenndir drykkir bragðbættir með anísfræjum	Anís espanöl Évora anisada Cazalla Chinchón Ojén Rute
14. Líkjörar	Berliner Kümmel Hamburger Kümmel Münchener Kümmel Chiemseer Klosterlikör Bayerischer Kräuterlikör Cassis de Dijon Cassis de Beaufort Irish Cream Palo de Mallorca Ginjinha portuguesa Licor de Singeverga

Flokkur	Landfræðilegar sérmerkingar
14. Líkjörar (frh.)	Benediktbeurer Klosterlikör Ettaler Klosterlikör Ratafia de Champagne Ratafia catalana Anís português
15. Brennir drykkir	Pommeau de Bretagne Pommeau du Maine Pommeau de Normandie

## III. VIÐAUKI

Undantekningar frá almennu reglunum í:

1. 2. mgr. 1. gr.:

eggjalíkjör/*avocat/avocat/Advokat*: lágmarksalkóhólstyrkleiki: 14% miðað við rúmmál.

2. 3. mgr. 5. gr. (landfræðilegar sérmerkingar eiga ekki við):

Königsberger Bärenfang,  
Ostpreußischer Bärenfang.

---